

**Ed.**

**781. Nefndarálit**

[220. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta er I. liður ákvæða til bráðabirgða í frv. á þskj. 530, sem fjárhagsnefnd neðri deildar flutti að beiðni fjármálaráðherra. Efni frumvarpsins er að hækka við álagningu skatts vegna ársins 1969 fyrningu af tilteknum eignum. Í greinargerð frv. segir, að þessari ráðstöfun sé ætlað að vega nokkuð upp á móti því, hversu raunverð fyrningar á upphaflegu kostnaðarverði rýrnaði við gengisbreytingu 1968.

Minni hluti fjárhagsnefndar telur höfuðnauðsyn, eins og nú er komið, að skattar og útsvör verði lækkuð verulega á almennum tekjum. Þar sem persónufrádráttur hefur ekki hækkað að undanförunu í hlutfalli við aukinn framfærslukostnað, eru skattar orðnir óbærilega háir á lágum tekjum og miðlungstekjum. Ef frumvarpið yrði að lögum, mundi það valda verulegum tekjumissi hjá sveitarfélögum, sem væntanlega mundu þá ekki hafa önnur ráð en að bæta sér það upp með hækkunum útsvörum á almenning.

Í stað nauðsynlegrar skattlækkunar mundi þannig með samþykkt frumvarpsins væntanlega koma til allveruleg hækkun útsvara.

Slíkt teljum við ekki koma til mála að samþykkja. Minni hluti fjárhagsnefndar telur, að ekki eigi að slíta þennan þátt málsins úr samhengi við önnur ákvæði skattalaganna, en brýn nauðsyn er nú á heildarendurskoðun skattalaganna og útsvarlaganna.

Í frv. þetta vantar auk þess ýmis ákvæði að dómi minni hlutans, eins og t. d. um, hvernig með skuli fara, ef fasteign er að nokkru notuð til atvinnurekstrar, en að öðru leyti til íbúðar. Samkv. frv. virðist aukafyrningin eiga að ná einnig til þeirra húseigna, sem leigðar eru út til atvinnurekstrar. Í greinargerð frv. er hins vegar einungis talað um hækkun fyrningar af eignum, sem fyrirtæki áttu í ágústlok 1968.

Svo virðist sem allmörg önnur atriði í sambandi við þetta mál þurfi nánari athugunar við.

Eftir að í neðri deild hafa verið felldar breytingartillögur um hækkun persónufrádráttar miðað við breytingar á framfærsluvísitölu, er ljóst, að ekki verður komið fram á þessu þingi neinum lagafæringum á sköttum af almennum tekjum, og yrði því afleiðingin af samþykkt þessa frv. beinlínis skattahækkun á almenningi.

Með hliðsjón af því, er hér að framan segir, leggur minni hluti fjárhagsnefndar til, að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 29. apríl 1970.

Kristján Thorlacius, Björn Jónsson.  
frsm.